

Skólasöngur Flataskóla

Leikur er að læra í Flataskóla
lífið þar er skemmtilegt og gott.
Þar er engum kennt að damla og dóla
:,:að drífa sig er bæði:,: (3x) töff og flott.

Að komast af í veröldinni er vandi
veganesti gott er námið því.
Margir frægir finnast hér á landi
:,:sem Flataskóla gengið:,: (3x) hafa í.

*Væri ekki ráð að rita niður
reikna pínulítið sérhvern dag.
Að koma öll á sal er góður siður
að syngja lítið kvæði og fallegt lag*

Í Flataskóla allir vilja vera
þar viska eykst og þekking sérhvern dag.
Hróður hans um lönd og byggðir bera
:,:börnin sem að syngja:,: (3x) þetta lag.

Textahöf: Haraldur Haraldsson skólastjóri Lækjarskóla Hafnarfirði